

Sp.

451. Þingsályktun

[50. mál]

um ráðstafanir til öryggis handritum, skjölum og forngrípum.

(Afgreidd frá Sp. 10. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hefja undirbúning að því, að gerð verði öryggisgeymsla fyrir handritasafn og merkustu skjöl og forngrípi þjóðarinnar. Áður en til slíkra framkvæmda kemur, skal athuga sérstaklega, hvort eigi mætti svo til haga, að slíkri geymslu yrði komið fyrir neðanjarðar í sem nánustum tengslum við safnahúsið í Reykjavík.

Heimilt er ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði vegna þessara ráðstafana.